



# HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Hafnarfirði 22.12.2022

Mál: 22-05-0384

## Viðauki við mat á áhrifum efnistöku á vatnalífriki

### Holtavörðulína 1 – ný efnistökusvæði – nóvember 2022

Guðni Guðbergsson og Ingi Rúnar Jónsson

Landsnet fyrirhugar að reisa nýja 220 kV háspennulínu, Holtavörðuheidiarlínu 1 (HH1), á milli Klafastaða í Hvalfirði og fyrirhugaðs tengivirkis á Holtavörðuheidi. Háspennulínan verður um 90 km löng.

Hafnansóknastofnun skilaði Verkís mat á áhrifum efnistöku á vatnalífriki á 52 efnistökusvæðum í apríl 2022. Ákveðið hefur verið að bæta við 10 nýjum efnistökusvæðum við þau efnistökusvæði sem fyrir voru. Af þessum 10 efnistökusvæðum voru tvö á námuskra Vegagerðarinnar og þar af eitt einnig á aðalskipulagi Borgarbyggðar. Sum efnistökusvæði eru ný og óröskuð en önnur eru þegar í notkun.

#### Efnistökusvæði 52 – Neðra-Skarð

*Lítill gryfja í sethjalla ofan við bæinn Neðra-Skarð, um 2-3 m djúp. Núin möl og sandur, lítillaga lagskipt. Grunnvatn í botni en auðvelt væri að dreina gryfjuna. Stærð svæðisins er um 0,7 ha. en líklega væri auðvelt að stækka það töluvert til suðurs of norðurs. Ekki þykk ofanafýting.*

*Magn: Vinnslulag eru líklega 2-4 m. Hægt væri að ná a.m.k. 10.000 m<sup>3</sup> úr námunni.*

Áætlað efnistökusvæði er utan árfarvega.

[Engin áhrif á lífríki í vatni](#)

### Efnistökusvæði 53 – Leirárdrög

Áreyrar Leirár inn í dalverpi sem kallast Miðfitjar. Ármöl hefur safnast saman í dalverpið og breitt úr sér. Ármölin er áberandi ljós enda uppistaða efnisins rýólít ofan úr Skeggkarli. Mikil óvissa er með efnismagn og efnisgæði, en mögulega er hægt að taka þarna nokkur hundruð m<sup>3</sup> efnis.

Magn: Mikil óvissa. Nokkur hundruð m<sup>3</sup> efnis allt að 10-15 þús m<sup>3</sup>

Um er að ræða efstu drög Leirár, sem fellur til sjávar í Grunnafjörð. Í ánni veiðist lax, urriði og bleikja. Efnistakan á sér stað mjög ofarlega í vatnakerfinu, en hafa verður í huga að grugg og mengandi efni geta borist langt niður farvegi með straumvatni. Æskilegt væri að efnistaka færi ekki fram úr árfarveginum sjálfum.

Ekki líkur á áhrifum á lífríki í vatni.

### Efnistökusvæði 54 – Illasund

Óraskaður klapparhóll með jökulruðningslagi ofan á. Gæti verið hægt að skafa jökulruðninginn ofan af. Náman lendir undir núverandi Vatnshamralínu 1 sem gæti verið til vandræða. Lækur rennar meðfram jarðmynduninni.

Magn: Mikil óvissa með efnismagn. Gæti verið mjög lítið, í mesta lagi 5.000 m<sup>3</sup>.

Áætlað efnistökusvæði er utan árfarvega. Hins vegar rennur lækur meðfram námasvæðinu, sem ekki er ástæða til að raska.

Ekki líkur á áhrifum á lífríki í vatni.

### Efnistökusvæði 61 – Mávahlíð

Tvær opnar gryfjur hlið við hlið í sethjalla ofan við Uxahryggjaveg. Efnisvinnsla hefur farið þar fram undanfarin ár og eru töluverðir haugar í námu.

Magn: Óvissa með efnismagn. Líklega nokkur þúsund m<sup>3</sup> efnis.

Áætlað efnistökusvæði er utan árfarvega.

Engin áhrif á lífríki í vatni.

### Efnistökusvæði 55 – Skering við Kleifar

Skering við Þverárhliðarveg. Efni var sprengt og notað í vegagerð um Þverárhlið árið 2022, þar hafa verið teknir tugir þúsunda m<sup>3</sup> efnis. Hörð basaltklöpp, gæðafni með lágt LA-gildi.

Magn: Bergstálið er um 4-5 m að hæð. Hægt væri að vinna skeringuna áfram til suðurs og vesturs. Hægt væri að ná 10-50.000 m<sup>3</sup> af sprengdu efni.

Áætlað efnistökusvæði er utan árfarvega.

[Engin áhrif á lífríki í vatni.](#)

### Efnistökusvæði 56 – Hafþórsstaðir

Nýtt og óraskað efnistökusvæði neðan við Hafþórsstaði. Þó hefur verið kroppað lítilla í það neðan við Norðurárdalsveg. Hæðóttur setbunki á milli hliðar Grjótháls og áreyra Norðurár. Má skipta í syðra og nyrðra svæði, tún á milli sem slítur svæðin í sundur. Efnið virðist vera nokkuð sendin möl. Líklega vaskað set af jökulrænum uppruna.

Magn: Óvissa er með efnismagn en vinnslulag gæti verið allt að 2-5 m. Líklega væri þá auðveldlega hægt að ná allt að 100-200.000 m<sup>3</sup> efnis.

Efnistökusvæðið er nærri bökkum Norðurár, en ætti ekki að þurfa að hafa bein áhrif lífríki árinna. Þess verði gætt að efnistaka verði ekki það djúpt að hætta sé á að áin brjóti sér leið inn á efnistökusvæðið. Einnig að sérstakrar aðgæslu sé gætt við vinnslu úr námunni svo aur og/eða mengandi efni berist ekki í vatn.

[Ætti ekki að hafa bein áhrif lífríki árinna, miðað við fyrirvara að ofan.](#)

### Efnistökusvæði 57 – Blesastaðir

Sethjallar utan í Norðurárdal. Líklega jökulruðningur (jaðarurð) hjallamyndun með lök efnisgæði. Undir núverandi Hrutatungulínu 1. Hugsað sem varanáma ef það vantar efni.

Magn: Mikil óvissa er með efnismagn en gætu verið nokkur þúsund m<sup>3</sup> efnis.

Áætlað efnistökusvæði er utan árfarvega.

[Engin áhrif á lífríki í vatni.](#)

### Efnistökusvæði 58 – Holtavörðuheidiarvatn

*Klapparás eða jökulruðningsás norðan við Holtavörðuheidiarvatn, þar sem að gamla vegstæðið um heiðina liggur. Mikil þörf er á efni á þessum hluta línuleiðarinnar og lítið um gott efni á þessum slóðum. Mikilvægt er að gera ítarlegar rannsóknir á þessu efnistökusvæði.*

*Magn: Mjög mikil óvissa er um efnismagn, en ábyggilega er hægt að taka allt að 10-50.000 m<sup>3</sup>.*

Efnistökusvæði í nágrenni við vötn og tjarnir á Holtavörðuheidi. Jaðar efnistökusvæði liggur að hluta meðfram bökkum tjarna/vatna. Æskilegt er að námur nái ekki alveg að bökkum þeirra, þannig að náttúrulegum bökkum og fjörum vatna og tjarna verði ekki raskað. Einnig að efnistaka nærri vötnum/tjörnum verði ekki dýpra en sem nemur vatnsborði þeirra, þannig að vatnsstaða og vatnsborðssveiflur þeirra raskist ekki umfram það sem náttúrulegt er. Ef vandað er til verka, ætti efnistaka ekki að þurfa að hafa veruleg neikvæð áhrif á vatnalíf.

[Etti ekki að hafa bein áhrif lífríki í vatni, miðað við fyrirvara að ofan.](#)

### Efnistökusvæði 59 – Miklagilskvísl A

*Setbunki austan við Þjóðveg 1 við þverun Miklagilskvíslar. Jökulruðningur á bakka ofan gilsins, neðar sést í klöpp. Tvær staðsetningar koma til greina, Miklagilskvísl A og B, aðeins er gert ráð fyrir því að efnistaka verði af öðru hvoru svæðinu. Þessi kostur er mun aðgengilegri og nær veginum.*

*Magn: Mjög mikil óvissa er með efnismagn á svæðinu, mögulega hægt að taka allt 5-10.000 m<sup>3</sup> efnis.*

Efnistökusvæðið er ofan á gilbrún, en ekki í virkum farvegi árinna. Efnistaka ætti ekki að hafa áhrif á vatnalíf, sé varúðar gætt s.s. varðandi mengandi efni.

[Ekki líkur á áhrifum á lífríki í vatni.](#)

### Efnistökusvæði 60 – Miklagilskvísl B

*Setbunki austan við Þjóðveg 1 við þverun Miklagilskvíslar. Jökulruðningur á bakka ofan gilsins, neðar sést í klöpp. Tvær staðsetningar koma til greina, Miklagilskvísl A og B, aðeins er gert ráð fyrir því að efnistaka verði af öðru hvoru svæðinu. Þessi kostur er fjær veginum og upp við núverandi Hrutatungulínu 1, en líklega þykkari jarðmyndun og því meira efni.*

*Magn: Mjög mikil óvissa er með efnismagn á svæðinu, mögulega hægt að taka allt 10-20.000 m<sup>3</sup> efnis.*

Efnistökusvæðið er ofan á gilbrún, en ekki í virkum farvegi árinna. Efnistaka ætti ekki að hafa áhrif á vatnalíf, sé varúðar gætt s.s. varðandi mengandi efni.

[Ekki líkur á áhrifum á lífríki í vatni.](#)



Nýjar námur vegna Holtavörðulínu



Mögulegar námur vegna Holtavörðulínu